

Reykjavík 16. nóvember 2017

**Efni: Beiðni um fjárhagslegan styrk til Bjarkarhlíðar – miðstöðvar fyrir þolendur ofbeldis.**

Bjarkarhlíð – miðstöð fyrir þolendur ofbeldis hefur verið starfrækt frá 2. mars 2017. Bjarkarhlíð er tilraunaverkefni til þriggja ára og er samstarfsverkefni velferðarráðuneytisins, Reykjavíkurborgar, dómsmálaráðuneytisins, lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, Stígamóta, Drekaslóðar, Kvennaathvarfsins, Kvennaráðgjafarinnar og Mannréttindaskrifstofu Íslands.

Framlag samstarfsaðila er með ýmsum hætti en Reykjavíkurborg leggur til húsnæði, búnað og stendur straum af rekstrarkostnaði hússins sem samsvarar alls 7,5 m.kr. ár ári. Velferðarráðuneytið leggur samtals 50 m.kr. til verkefnisins árin 2016, 2017 og 2018, sem tryggir tvö stöðugildi í Bjarkarhlíð. Þá leggur lögreglan á höfuðborgarsvæðinu til eitt stöðugildi en í Bjarkarhlíð er rannsóknarlögreglukona með fasta viðveru á opnunartíma. Framlag grasrótarsamtaka, sem eru með reglulega viðveru á staðnum og veita einstaklingum stuðning og ráðgjöf, nemur u.þ.b. einu stöðugildi.

Þjónustan miðaðist við Reykjavík til að byrja með en gert var ráð fyrir aðkomu nágretta sveitarfélaga að verkefninu þegar fram í sækti. Aðsókn í Bjarkarhlíð hefur hinsvegar farið langt fram úr væntingum en á fyrstu 6 mánuðunum leituðu þangað 193 einstaklingar. Meirihluti þeirra kemur af höfuðborgarsvæðinu eða 128 frá Reykjavík, 12 frá Kópavogi, 15 frá Hafnarfirði, 7 frá Garðabæ og 6 frá Mosfellsbæ. Einstaklingar af landsbyggðinni sem leitað hafa til Bjarkarhlíðar eru 30 talsins. Þá hafa 118 einstaklingar leitað til lögreglunnar í Bjarkarhlíð, sem veitir einstaklingum upplýsingar og ráðgjöf varðandi meðferð mála í réttarvörslukerfinu. Af þessum 118 málum hafa verið lagðar fram kærur í 36 málum en ætla má að það séu kærur sem mögulega hefðu ekki komið fram.

Framkvæmdastjórn Bjarkarhlíðar óskar eftir fjárhagslegum stuðningi nærliggjandi sveitarfélaga. Flestar félagsþjónustur á höfuðborgarsvæðinu hafa nú þegar fengið kynningu á starfsemi Bjarkarhlíðar stendur úrræðið öllum til boða. Það er von okkar að Garðabær sjái sér fært að styrkja starfsemi Bjarkarhlíðar og líti á miðstöðina sem aukna og bætta þjónustu við íbúa sveitarfélagsins sem sætt hafa ofbeldi.

Virðingarfyllst,

Ragna Björg Guðbrandsdóttir, verkefnastjóri Bjarkarhlíðar

Lovísa Lilliendahl, formaður framkvæmdarstjórnar Bjarkarhlíðar

*Bjarkarhlíð við Bústaðarveg, 108 Reykjavík, kt. 680817-0300, reikningur 0133-26-013108*